



Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti  
Síðumúli 24  
108 Reykjavík  
frn@frn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 16. maí 2023

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að reglugerð um lista yfir störf sem falla undir 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002**

## I) Inngangur

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um lista yfir störf sem falla undir 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002. Samtökin hafa um nokkurt skeið bent á mikilvægi þess að víkka út skilgreininguna á því hvað teljist sérfræðingur í skilningi laga um atvinnuréttindi útlendinga, sér í lagi í tilviki hugverkaiðnaðar þar sem tækniþekkingin sem liggur til grundvallar framþróun er oft á tíðum ekki kennd með formlegum hætti. Samtökin telja starfalistann góða tillögu til þess að ná utan um þessa sérfræðiþekkingu og þakka gott samstarf við bæði félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. Mikilvægt er að hafa í huga að starfalistinn er hluti af víðtækari stefnumótun stjórnvalda í málefnum erlendra sérfræðinga sem sýnir að skilningur hefur aukist á sívaxandi mannauðspörf í hugverkaiðnaði.

Samtökin gera ekki athugasemdir við þann lista sem lagður er til í reglugerð en vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um framkvæmdina sem að mati samtakanna er nauðsynlegt að hafa í huga varðandi framhaldið.

## II) Almennt um mannauðspörf í hugverkaiðnaði

Samtökin hafa um nokkurra ára skeið bent á sívaxandi mannauðspörf í hugverkaiðnaði en með skynsamlegri stefnumörkun og aðgerðum stjórnvalda á undanförunum árum hefur hugverkaiðnaður fest sig í sessi sem fjórða stoðin í verðmætasköpun og útflutningi Íslands. Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar námu um 239 milljörðum á síðasta ári sem er 14% af heildarútflutningstekjum þjóðarbúsins.

Mikil vaxtatækifæri eru enn fyrir hendi í hugverkaiðnaði en áframhaldandi vöxtur er óhugsandi nema ríkt framboð sé af sérhæfðri þekkingu, reynslu og mannauði. Hugverkaiðnaður getur, ef rétt er á málum haldið, orðið stærsta og verðmætasta stoðin í hagkerfinu með tilheyrandi fjölgun spennandi starfa. Þó er staðreyndin sú að í dag stendur skortur á mannauði með rétta sérfræðiþekkingu þessari framtíðarsýn fyrir þrifum. Stjórnvöld hafa sýnt ríka viðleitni á



undanförnum misserum til þess að bregðast við þessari stöðu og fagna samtökin þeim fyrirætlunum.

Samtökin hafa í umsögnum sínum og samtölum við stjórnvöld bent á fjölbreytileika starfa í hugverkaiðnaði en greinar hátækni- og hugverkaiðnaðar eru fjölbreyttar; upplýsingatækni- og fjarskiptaiðnaður, lyfja-, líftækni- og heilbrigðistækniíðnaður, leikjaiðnaður, kvikmyndaiðnaður og annar hátækniíðnaður. Við uppbyggingu fyrirtækis í hugverkaiðnaði er ekki aðeins þörf á þeirri sérþekkingu sem liggur til grundvallar tækninni (s.s. úr upplýsingatækni, líftækni o.s.frv.) heldur líka þekking og reynsla í hönnun, viðskiptum, markaðssetningu, alþjóðlegum samningum, hugverkavernd og fleira.

Þær reglur sem beitt er við ákvörðun um veitingu atvinnuleyfa verða að taka mið af því að hátækniyrirtæki starfa í umhverfi þar sem tæknikunnátta og þekking hreyfist hratt. Í raun er mjög erfitt fyrir aðila sem stendur fyrir utan ákveðinn iðnað að meta hvaða sérþekkingu vantar hér á landi. Mat á því hvað telst að vera sérfræðingur eða að hafa sérfræðiþekkingu sem er nauðsynleg og ekki til hér á landi ætti að vera hjá fyrirtækjunum sjálfum. Sjálfsagt er að fyrirtæki útskýri í umsóknarferli hvers konar sérfræðiþekkingu verið er að sækja en sönnunarbyrðin má ekki vera of þung í framkvæmd. Kostnaðarsamt og erfitt er fyrir fyrirtæki að ráða inn rangan starfsmann og því kappkosta þau við að skilja mannauðsþarfir sínar, leggja ítarlegt mat á umsækjendur og taka virkan þátt í samkeppni um hæfustu kostina. Það sýnir jafnframt þörfina að fyrirtæki sé tilbúið að fara í ráðningarferli á erlendum sérfræðingi með tilheyrandi kostnaði.

Þá er of íþyngjandi að gera kröfur til þess að sérfræðingur hafi viðeigandi háskólamenntun og að aðeins í undantekningartilfellum sé litið til reynslu sem jafna megi við sérfræðiþekkingu. Hugbúnaðarþróun, upplýsingatækni og leikjahönnun eru sérstök að því leiti að börn og unglingar alast upp með tækninni sem verið er að þróa. Þannig eru dæmi um að einstaklega færir sérfræðingar hafi enga háskólamenntun í faginu en hafi til að bera sértæka þekkingu sem fyrirfinnst ekki svo glatt. Matið á því hvort reynsla þessara einstaklinga sé nægileg verður að liggja hjá fyrirtækjunum sem fyrr segir. Vegna þessa er fagnaðarefni að 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga hafi verið víkkuð út svo að fyrirtæki í hugverkaiðnaði hafi möguleika á því að ráða inn fyrrnefnda aðila. Starfalistinn sem mun liggja til grundvallar veitingu þessara starfaleyfa má þó ekki verða þessari góðu viðleitni fjötur um fót. Samtökin telja ljóst að ráðuneyti og Vinnumálastofnun vilji stíga varlega til jarðar þegar kemur að því að víkka út heimild til veitingu atvinnuleyfa en telja varhugavert að stíga svo varlega til jarðar að kerfið fái á sig slæmt orðspor sem tekur svo langan tíma að vinda ofan af. Slíkt hefur gerst, til að mynda í tilviki úrræðis um skattfrádrátt af hlutabréfakaupum í sprotafyrirtækjum þar sem úrræðið var svo þröngt fyrstu árin að það var í raun ónothæft og enn í dag eru fyrirtæki í hugverkaiðnaði treg við að nýta sér þann mikilvæga hvata.

### **III) Framkvæmd á reglugerð og samstarf**

Samtökin gera ekki athugasemd við listann eins og hann birtist í reglugerðinni. Hins vegar, eins og bent hefur verið á hér að ofan, er hætta á að framtíð þjóni ekki tilgangi sínum ef störfin á starfalistanum eru túlkuð of þröngt. Þekking, færni og starfalýsingar breytast ört í hugverkaiðnaði og eru fyrirtækin best til þess fallin að meta hvort að þörf sé á að manna tiltekið starf. Samtökin leggja því ríka áherslu á að starfaheiti verði túlkuð vítt, annars er hætta á að



starfalistinn svari ekki þörfum þeirra greina hugverkaiðnaðar sem standa fremst í þróun nýrra tæknilausna og þeirra sem eru í óhefðbundnum rannsóknum og þróun. Leikjaiðnaður er mjög gott dæmi um iðnað þar sem hefðbundin alþjóðleg starfaflokkun nær ekki utan um fjölbreytileika starfanna.

Í ljósi þess að um nýmæli er að ræða óska samtökin eftir því að hagsmunaaðilar og stjórnvöld komi saman eftir hálf tili þess að yfirfara starfalistann og meta hvort mikilvæg störf falli á milli skips og bryggju. Samtökin hafa í samtali sínu við ráðuneytið bent á að skortur sé á þekkingu hér á landi til að sinna mikilvægum störfum, til að mynda í sérhæfðri markaðssetningu og sölu á erlenda markaði, en ekki tókst að finna flöt á því að þau störf verði birt á listanum. Samtökin vilja gjarnan taka það samtal upp að nýju við endurskoðun listans.

Þá óska samtökin eftir samstarfi við ráðuneyti og Vinnumálastofnun um kynningu á starfalistanum og umsóknarferlinu til fyrirtækja í hugverkaiðnaði en gríðarlega mikilvægt er að fyrirtæki séu upplýst um hvað sé nauðsynlegt að hafa í huga við ráðningu á erlendum sérfræðingum.

#### IV) Lokaorð

Samtökin þakka fyrir það að fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri og vonast til áframhaldandi uppbyggilegs samstarfs við stjórnvöld um lausn á þeim skorti á sérfræðiþekkingu og mannaúði sem stendur vexti hugverkaiðnaðar í dag fyrir þrifum.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink that reads 'Nanna Elísa Jakobsdóttir'.

Nanna Elísa Jakobsdóttir,  
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI